

Verkefni: Stjórnarskiptafundur Gígjunnar

Dagsetning fundar: 19. nóvember 2009.

Tímasetning fundar: kl. 18:00 - 19:50

Fundarstaður: Lágmói 4, Reykjanesbæ.

Stjórnarmenn/fundarmenn:

Dagbjört Sigurbergsdóttir (DS)	Formaður	Mætt
Jófríður Guðmundsdóttir (JG)	Varaformaður	Fjarverandi
Þuríður Pétursdóttir (ÞP)	Gjaldkeri	Fjarverandi
Þorgerður Valdimarsdóttir (ÞV)	Ritari	Mætt
Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	Meðstjórnandi	Mætt
Anna Inga Grímsdóttir (AIG)	Nýliði í stjórn	Mætt
Steiney Halldórsdóttir (SH)	Nýliði í stjórn	Mætt
Anna Laxdal (AL)	Nýliði í stjórn	Fjarverandi

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

1. Formleg stjórnarskipti

Dagbjört Sigurbergsdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna til stjórnarskiptafundar Gígjunnar. Fráfarandi stjórn afsalaði sér völdum og ný stjórn var boðin velkomin til starfa. Nýja stjómin skipti með sér verkum. Aðalheiður Gunnarsdóttir var kosin næsti formaður Gígjunnar. Margrét Bóasdóttir verður áfram verndari Gígjunnar og stjórninni til ráðgjafar. SH kemur til með að safna upplýsingum um stjórn þ.e. símanúmer og netföng og sjá um að þeim verði komið inn á netið. Öll fundarboð og allar fundargerðir verða sendar á varamenn og stjórn Gígjunnar.

Ritari mun senda allar fundargerðir til stjórnar til yfirlestrar/samþykktar áður en þeim er komið fyrir inni á vefsetrið.

Heiða Gunnarsdóttir hefur boðist til að vera stjórninni áfram innan handar hjá stjóminni er varðar vefsetrið ef þörf verður á. Ákveðið var að ritari myndi fylgjast með og læra hjá JG hvernig vefsetrið virkar, þar sem gott er að hafa 2 aðila sem fylgjast með pósti til Gígjunnar og geta sett inn á vefinn upplýsingar.

Fundargerð aðalfundar þann 17. október 2009 var samþykkt á fundinum.

Aðalstjórn Gígjunnar næsta starfsár.

Mynd...

Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir Kvk Suðurnesja formaður
Jófríður Guðmundsdóttir Kvk Kópavogs varaformaður (og vefstjóri)
Steiney Halldórsdóttir Kvk Hafnarfjarðar ritari (og aðstoðarvefstjóri)
Anna Inga Grímsdóttir Kvk Léttuveit Reykjavíkur gjaldkeri
Anna Laxdal Kvk Reykjavíkur meðstjórnandi

Varastjórn Gígunnar næsta starfsár.**Mynd..**

Anna Lilja Stefánsdóttir KvK Akureyrar
Dagbjört Sigurbergisdóttir KvK Kyrjurnar
Sigrún Óskarsdóttir KvK Hafnarfjarðar

2. Skipulag tölvupósts Gígunnar

Þorgerður mun koma upplýsingum um póstforrit og aðrar reglur er varða póst til Gígunnar. Einnig var rætt um að fá stjórnir aðildarkóra til að leggja fram lista á æfingum hjá kórnum, þar sem konur, sem ekki eru á póstlista Gígunnar fái tækifæri til að setja sig á póstlistann og fái þá póst frá Gígjunni beint.

3. Tengiliðir við aðildarkóra Gígunnar

Ákveðið var að stjórnin myndi halda áfram tölvusamskiptum við aðildarkórana eins og verið hefur, þar sem það hefur reynst vel. Gott væri að fá meiri upplýsingar frá kórnum um æfingabúðir, ferðir kóra, hvernig kórnum hefur líkað lögin sem Gígjan hefur látið semja og annað sem upp kemur á hverjum tíma. Einnig þarf að hafa samband við þá kóra sem hafa verið í pásu tímabundið og athuga hvernig landið liggur hjá þeim.

4. Skoðanakönnun sem send var til kóranna

Eftir er að vinna nánar úr þeirri skoðanakönnun sem send var til kóranna á síðasta starfsári og var ákveðið að halda áfram að hafa samband við kórana og fá upplýsingar um afstöðu þeirra til ýmissa mála, sem eru á höndum Gígunnar.

5. Innheimta félagsgjalda 2009-2010

Formönnum allra aðildarkóranna verður sent innheimtubréf á næstunni frá gjaldkera. Þessi bréf þurfa að berast sem fyrst með gjalddaga og senda síðan ítrekun til kóranna ef ekki er búið að greiða á gjalddaga.

6. Tónverkasjóður, tónverk Gígunnar 2010

Ákveðið var að AG myndi hafa samband við Elínu Gunnlaugsdóttur um að taka að sér að semja jólaglag 2010. Hún var beðin á síðasta ári en gat það ekki þá en vildi fá að spreyta sig síðar. Vonandi tekur hún vel í það, þar sem það verður mjög rúmur tími fram að hausti til að semja jólaglag.

7. Úthlutun frá SFH

Rætt var um að AG myndi mæta á úthlutunarfund hjá SFH, þar sem Gígjan er ekki alveg sátt við þau svör sem hafa borist frá Gunnari Guðmundssyni framkvæmdastjóra SFH um úthlutun til Gígunnar.

8. Næsta landsmót 2011

Næsta landsmót Gíggjunnar verður haldið á Selfossi árið 2011 og mun Jórukórinn á Selfossi sjá um það. Gott verður að vera í sambandi við þær til að fylgjast með undirbúningi landsmótsins. Einnig þarf að reyna að fá upplýsingar er varða 1. landsmót kvennakóra í Ídölum 1992, þar sem enn vantar allar upplýsingar um það landsmót á vefsetrið.

9. Mál í vinnslu

Gjaldkeri þarf að fá upplýsingar og gögn frá fráfarandi gjaldkera. Ritari þarf að fá upplýsingar og gögn frá fráfarandi ritara. Stjórn þarf að fá upplýsingar um pósthótt Gíggjunnar þ.e. þeir stjórnarmeðlimir sem ekki hafa upplýsingar enn um hóttit.

Ákveðið var að halda næsta stjórnarfund þann 11. febrúar kl. 18:00

Fundi var slitið kl. 19:50

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir